

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík í Mýrdal

Reykjavík, 17. desember 2021
UST202111-136/A.Þ.
10.04.00

Efni: Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 og breyting á deiliskipulagi við Sólheimajökulsmela - Ferðaþjónusta við Sólheimajökul

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 11. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 og breytingu á deiliskipulagi við Sólheimajökulsmela.

Í greinargerð kemur fram að breytingin snýr að því að verslunar- og þjónustusvæði V21, Ferðaþjónusta við Sólheimajökul, er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF1. Gert er ráð fyrir veitingaþjónustu ásamt aðstöðu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki. Bílastæði er stækkað og afmarkaðir eru sex nýir byggingarreitir. Skipulagssvæðið er stækkað úr 1 ha í 5,3 ha. Einnig er gerð leiðrétting á staðsetningu svæðisins og afmörkun landnotkunar færð til suðurs. Við bætist afmörkun brunnsvæðis, ásamt grann- og fjarsvæði.

Umhverfisstofnun vísar í fyrri umsögn stofnunarinnar um uppbyggingu ferðaþjónustusvæðis við Sólheimajökul frá 5. júlí 2019 og bendir á að mikilvægt er að meta þolmörk svæðisins og þann fjölda ferðamanna sem áætlaður er að heimsæki svæðið svo aðstaðan verði í samræmi við þá greiningu. Stofnunin telur jákvætt að ætlunin sé að bæta aðstöðu og stýra umferð um svæðið.

Í greinargerð segir að annað bílastæði sem er 200 metrum austar verði lagt af. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að frágangur sé vandaður.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar á skipulagi.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur